

64. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn á skrifstofu Vestfjarðastofu, Ísafirði og í fjárfundi 30. október 2024 kl 12.00

Mætt voru: Gylfi Ólafsson, formaður, Dagný Finnbjörnsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Gauti Geirsson, Hildur Aradóttir, Lilja Sigurðardóttir, Magnús Ingi Jónsson, Sædís Ólöf Þórsdóttir og Tryggvi B Bjarnason auk áheyrnarfulltrúa Sif Huld Albertsdóttir.

Einnig sátu fundinn þau Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir teymisstjóri atvinnu- og byggðaþróunar, Sölvi Guðmundsson, teymisstjóri markaðs og menningar og Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði fundargerð. Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir:

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

- 1. Starfsáætlun stjórnar 2025**
- 2. Kjör varaformanns stjórnar Vestfjarðastofu**
- 3. Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029**
- 4. Bréf OV til stjórnar Vestfjarðastofu**
- 5. Farsældarfulltrúi á Vestfjörðum – samningur og auglýsing**
- 6. Brothættar byggðir – Reykhólahreppur**
- 7. Skýrsla framkvæmdastjóra**
- 8. Önnur mál**
- 9. Fundargerðir til kynningar**
 - Fundargerð 113. fundar stjórnar SSNV 16. september 2024
 - Fundargerð 65. fundar SSNE 4. september 2024
 - Hautþing SSA 26.-27. september 2024
 4. Fundur stjórnar SSA 13. september 2024
 614. stjórnarfundur SASS. 4. október 2024
 587. Fundur stjórnar SSH 21. október 2024

Fundur stjórnar FV

- 1. Kjör varaformanns stjórnar FV**
- 2. 69. Fjórðungssþing að hausti þinggerð**
- 3. Ályktanir 69. Fjórðungssþings**
- 4. Niðurstaða kosninga**
- 5. Umsagnir:**
 - Afgreiddar umsagnir til Alþingis
 - Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
 - Afrakstur umsagna.
 - Umsagnarbeiðnir
 - Umsagnir til skoðunar

Formaður setti fundinn og kynnti nýja stjórnarfulltrúa sem voru kjörnir á 69. Fjórðungssþingi Vestfirðinga að haust þann 19. október 2024. Framkvæmdastjóri kynnti starfsmenn Vestfjarðastofu og aðild þeirra að fundum stjórnar.

Formaður kannaði síðan hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram. Gengið til dagskrár.

Dagskrá

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Starfsáætlun stjórnar 2025

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að starfsáætlun stjórnar á árinu 2025

Til máls tóku Gylfi, Sædís og Sigríður

Tillaga að starfsáætlun samþykkt samhljóða

2. Kjör varaformanns stjórnar Vestfjarðastofu

Formaður kynnti fyrirkomulag í skipan varaformanns stjórnar Vestfjarðastofu og gerði að tillögu að Gauta Geirssyni sem varaformanni stjórnar.

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

3. Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029

Lögð fram að nýju Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 að loknu umsagnarferli í Samráðsgátt sem lauk þann 24. okt s.l..

Framkvæmdastjóri kynnti að ein umsögn hefði borist og rakti tillögu að viðbrögðum við umsögn og almennan yfirllestur er varða framsetningu texta. Framkvæmdastjóri rakti tillögu að minniháttar breytingum á áætlunni og óskaði heimildar stjórnar með að leggja áætluna fram til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Til máls tóku Gylfi, Gauti, Elísabet, Tryggvi, Sædís, Magnús, Aðalsteinn og Sigríður

Tillagan borin upp um að staðfesta sóknaráætlun með áorðnum breytingum og senda til sveitarstjórna á Vestfjörðum til afgreiðslu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir breytingu á dagskrá og kynna tölvupóst frá innviðaráðuneyti þann 21. október s.l. um breytingu á framlögum til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029. Dagskrártillaga samþykkt

Framkvæmdastjóri kynnti ákvörðun innviðaráðherra um skiptingu framlaga til Sóknaráætlunar landshluta 2025-2029, byggt á tillögu stýrihóps um byggðamál. Framlag til Vestfjarða mun nema 105,3 mkr á árinu 2025 en var áður áætlað 98 mkr, en framlag nemur í heild 755,7 mkr.

Tillaga framkvæmdastjóra er að halda hlutfalli á skiptingu framlags til Uppbyggingarsjóðs, áhersluverkefna og til reksturs samkvæmt samþykkt 63. stjórnarfundar. Eins kynnti framkvæmdastjóri að erindi liggi fyrir fjárlaganefnd um hækkun framlaga til sóknaráætlana, þannig að fjárhæðir gætu áfram breyst.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að uppfæra minnisblað um skiptingu framlaga í samræmi við tillögu framkvæmdastjóra.

4. Bréf OV til stjórnar Vestfjarðastofu

Lagt fram bréf dags 7. október 2024, frá Orkubúi Vestfjarða með ábendingum um skýrslu Vestfjarðastofu um þjóðgarða frá í ágúst s.l..

Rætt um viðbrögð við efni máls og efni bókunar um málið.

Til máls tóku Tryggvi, Gauti, Aðalsteinn, Elísabet, Sædís

Stjórn Vestfjarðastofa þakkar Orkubúi Vestfjarða fyrir gagnlegar ábendingar varðandi skýrslu Vestfjarðastofu um þjóðgarða. Stjórn áréttar að með skýrslu um þjóðgarða er ekki tekin afstaða um stofnun þjóðgarða á Vestfjörðum. Markmið skýrslunnar er að varpa ljósi á hvaða landssvæði á Vestfjörðum gætu hentað sem þjóðgarður miðað við íslensk lög og alþjóðlegar skilgreiningar og eins varpa ljósi á mögulega framkvæmd málsins. Efni skýrslunnar hefði verið til vísad til vinnu við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða. Stjórn Vestfjarðastofu leggur til að á sama hátt verði efni bréfs Orkubús Vestfjarða vísad til vinnu svæðisskipulags.

Tillagan samþykkt samhljóða

5. Farsældarfulltrúi á Vestfjörðum – samningur og auglýsing

Lagður fram undirritaður viðaukasamningur við Sóknaáætlunar dags samkvæmt heimild 63. stjórnarfundar til framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri kynnti efni að auglýsingar um stöðu Farsældarfulltrúa sem færi í auglýsingar um komandi mánaðar.

6. Brothættar byggðir – Reykhólahreppur

Framkvæmdastjóri kynnti að Byggðastofnun hefur boðið Reykhólahreppi þátttöku í verkefninu Brothættum byggðum. Óskaði framkvæmdastjóri heimildar stjórnar til að staðfesta samning milli Reykhólahrepps, Byggðastofnunar og Vestfjarðastofu um framkvæmd verkefnisins. Staða verkefnastjóra yrði auglýst í framhaldinu en yrði kynnt áður í stjórn.

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að staðfesta samning um verkefnið

7. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra.

Til máls tóku. Gylfi, Elísabet og Aðalsteinn

8. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

9. Fundargerðir til kynningar

Lagðar fram til eftirfarandi kynningar

- a. Fundargerð 113. fundar stjórnar SSNV 16. september 2024
https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2024/fundargerð-113.-fundar-stjornar-ssnv.pdf
- b. Fundargerð 65. fundar SSNE 4. september 2024
https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2024/fundargerð-113.-fundar-stjornar-ssnv.pdf
- c. Haustþing SSA 26.-27. september 2024
<https://austurbru.is/haustthing-ssa-2024/>
- d. 4. Fundur stjórnar SSA 13. september 2024
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2024/09/4.-stjornarfundur-SSA-13.-september-2024.pdf>
- e. 614. stjórnarfundur SASS. 4. október 2024
<https://www.sass.is/614-fundur-stjornar-sass/>
- f. 587. Fundur stjórnar SSH 21. október 2024
<https://www.ssh.is/is/stjornsysla/fundargerdir>

Fleira ekki gert og fundi stjórnar Vestfjarðastofu slitið kl 13.15 og af fundi véku, Elísabet, Gauti, Lilja S, Sif Huld, Sædís, Sölvi og Guðrún Anna.

Fundur stjórnar FV settur 13.20

1. Kjör varaformanns stjórnar FV

Vísaði til

Formaður gerði tillögu um að varaformaður verði Hildur Aradóttir.

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

2. 69. Fjórðungsping að hausti þinggerð

Lögð fram þinggerð 69. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti sem haldið var á Hótel Laugarhóli, Bjarnarfirði þann 18. og 19. október s.l..

3. Ályktanir 69. Fjórðungspings

Lögð fram samantekt á ályktunum 69. Fjórðungspings. Fjallað um efni ályktana og hvernig þeim verði hrint í framkvæmd og kynning á efni þeirra gagnavart frambjóðendum til Alþingis.

Til máls tóku Gylfi, Tryggvi, Aðalsteinn, Sigríður

Stjórn leggur áherslu að hafin verði þegar undirbúningur að boðun málþings um innviði á Vestfjörðum í samræmi við ályktanir 69. þings og 68. þings. Miðað er það verði haldið fyrir 70. Fjórðungsping Vestfirðinga að vori.

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða. Jafnframt var framkvæmdastjóra og sviðsstjóra falið að vinna áfram tillögur að meðferð ályktana 69. Fjórðungspings.

4. Niðurstaða kosninga

Kynnt niðurstaða kosninga á 69. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti þar sem fulltrúar eru kjörnir til næstu tveggja ára.

Stjórn aðalmenn

Gylfi Ólafsson, formaður, Ísafjarðarbæ

Dagný Finnbjörnsdóttir, Ísafjarðarbæ

Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað

Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi

Tryggvi B Bjarnason, Vesturbyggð

Varastjórn í sömu röð og aðalmenn:

Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ

Jóhann Birkir Helgason, Ísafjarðarbæ

Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi

Þorgeir Pálsson, Strandabyggð

Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, Vesturbyggð

Innviðanefnd

Páll Vilhjálmsson, formaður, Vesturbyggð
Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbæ
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ
Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi
Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað

Varamenn í sömu röð og aðalmenn
Jón Árnason, Vesturbyggð
Elísabet Samúelsdóttir, Ísafjarðarbæ
Jenny Lára Magnadóttir, Vesturbyggð
Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi
Magnús Einar Magnússon, Ísafjarðarbæ

Fjárhagsnefnd

Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi
Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppi
Jón Árnason, Vesturbyggð
Elísabet Samúelsdóttir, Ísafjarðarbæ
Jóhann Birkir Helgason, Ísafjarðarbæ, formaður

Varamenn í sömu röð og aðalmenn
Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað
Eva Sigurbjörnsdóttir, Árneshreppi
Gerður Sveinsdóttir, Vesturbyggð
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ
Magnús Einar Magnússon, Ísafjarðarbæ

Úthlutunarnefnd og fagráð

Kristján Þ Kristjánsson, formaður, Ísafjarðarbæ
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð
Arnfrín Óladóttir, Kaldrananeshreppi
Elsa Arnardóttir, utan svæðis, formaður fagráðs menningar
Hólmfríður Einarsdóttir, utan svæðis, formaður fagráðs nýsköpunar

Varamenn í sömu röð
Olga Agata Tabaka, Bolungarvíkurkaupstað
Páll Vilhjálmsson, Vesturbyggð
Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppi
Greipur Gíslason, utan svæðis
Arnar Sigurðsson, utan svæðis

Fagráð menningar 2022-2024

Aðalmenn

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, Reykhólahreppi

Smári Haraldsson, Ísafjarðarbæ

Jóhann Örn Hreiðarsson, Vesturbyggð

Elsa Arnardóttir, utan svæðis, formaður

Varamenn (í sömu röð og aðalmenn)

Marta Jóhannesdóttir, Kaldrananeshreppi

Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað

Klara Berglind Húnfjörð, Vesturbyggð

Greipur Gíslason, utan svæðis

Fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála 2022-2024

Aðalmenn

Porgeir Pálsson, Strandabyggð

Tinna Ólafsdóttir, Ísafjarðarbæ

Jónas Snæbjörnsson, Vesturbyggð

Hólmfríður Einarsdóttir, utan svæðis, formaður

Varamenn (í sömu röð og aðalmenn)

Viktoría Rán Ólafsdóttir, Kaldrananeshreppi

Jón Páll Hreinsson, Bolungarvíkurkaupstað

Sigurður Viggósson, Vesturbyggð

Arnar Sigurðsson, utan svæðis

5. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
Engin mál liggja fyrir.
- b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
Kynnt umsögn um drög að frumvarpi um Kílómetragjald
<https://island.is/samradsgatt/mal/3853>
<https://samradapi.island.is/api/Documents/d72e4f66-e58e-ef11-9bc6-005056bcce7e>
- c. Afrakstur umsagna.
Engin mál liggja fyrir. En sviðsstjóri kynnti að Fjórðungssambandið hefði þegið boð á fund Stjórnarsýslu og eftirlitsnefndar þann 9. október s.l. til að fjalla um skýrslu Ríkisendurskoðunar um Ofanflóðasjóð – rekstur og stjórnarsýsla.
- d. Umsagnarbeiðnir
Engin mál liggja fyrir
- e. Umsagnir til skoðunar
Fjárukalög <https://www.althingi.is/altxt/pdf/155/s/0304.pdf>

Lögð fram tillaga að umsögn.

Tillaga að umsögn. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vísar til ályktunar 69. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti.

Ályktun - Vetrarþjónusta á Vestfjörðum 69. Fjórðungsþings Vestfirðinga haldið á Hótel Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, lýsir miklum vonbrigðum með fálæti stjórnvalda gagnvart ákalli samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum, um lengingu þjónustutíma vetrarþjónustu á Vestfjörðum.

Augljóst er að stuttur opnunartími Vestfjarða hamlar uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga og er í hróplegu ósamræmi við lengri þjónustutíma á öðrum atvinnusvæðum í landinu. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á innviðaráðherra að breyta reglugerð um vetrarþjónustu og tryggja þannig að landshlutinn standi jafnfætis öðrum landsvæðum varðandi vetrarþjónustu.

Fjórðungsþing leggur til að þjónustutími á Djúpvegi um Steingrímsfjarðarheiði og Ísafjarðardjúpi og Vestfjarðavegi um Dynjandisheiði, Múlasveit, Klettsháls og Reykhólasveit sé samræmdur opnunartíma á Bröttubrekku og Þröskuldum. Jafnframt verði vetrarþjónusta innan sveitarfélagsins Vesturbyggðar lengd og verði í samræmi við þjónustutíma milli byggðalaga á norðanverðum Vestfjörðum, ásamt því að færa Vestfjarðaveg 63, frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði upp um þjónustuflokk.

Með vísan til framangreindrar ályktunar þá er komið til móts við við hluta efni hennar, með tillögu í fjáralagala í málaflökki 11. Samgöngu og fjarskiptamál, um að auka fjárheimild til málaflökksins um 3,3 ma þar af 2,9 ma til að koma til móts við áætlaðan halla vegna vetrarþjónustu á vegakerfinu.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga styður þessa tillögu og telur hana framfaraskref og væntir þess tillagan sé hluti af stefnubreytingu um fjármögnun og framkvæmd vetrarþjónustu Vestfjörðum. En uppsafnaður halli vetrarþjónustu hefur m.a. hamlað Vegagerðinni í að vinna að útbótum á þjónustunni á Vestfjörðum samhliða og endurbætur á vegakerfinu hafa unnist fram.

Bandormur https://www.althingi.is/altext/155/s/0307.html?utm_medium=rss

Lögð fram tillaga að umsögn við IX kafla Breyting á gistináttaskatti.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur áherslu á að uppbygging móttöku skemmtiferðaskipa er orðinn lykilþáttur í ferðaþjónustu á Vestfjörðum og væntingar um að móttakan skapi ný tækifæri við flestar hafnir í landshlutanum. Lýst er miklum áhyggjum af bakslagið í þessari þróun, ef tillaga rumvarps fjármálaráðherra á Alþingi um breytingar á sköttum og gjöldum mál 300/155 um álagningu innviðagjalds á skemmtiferðaskip gangi óbreytt fram m.t.t. upphæð gjaldsins og tímasetningu um komandi áramót. Fjórðungssamband Vestfirðinga tekur því undir bókun Ísafjarðarbæjar og Cruse Iceland að tillögunni verði breytt verulega með lækkun upphafsgjalds og gefið færi á aðlögun innviðagjalds á komandi árum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga áréttar einnig að breytingar á tollalegri meðferð hringferðaskipa eru jafnframt til þess fallnar að fækka komum skemmtiferðaskipa á hafnir landsins.

Kílómetragjald https://www.althingi.is/altext/155/s/0308.html?utm_medium=rss

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga áréttar fyrri umsögn sambandsins um þingmálið í Samráðsgátt.

Fleira ekki gert og fundi stjórnar Fjórðungssambandsins slitið kl 14.00